



BRÚIN

Barn – Ráðgjöf – Úrræði

Skólarið 2021-2022

Hafnarfjarðarbær hefur frá og með haustinu 2018 verið að þróa verklag, Brúin, til að efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Áhersla er lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum með aðkomu brúarteyma leik- og grunnskólanna. Ásamt því hefur samvinna fagfólks verið eflað á milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

Í brúarteymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og ráðgjöfum frá mennta- og lýðheilsusviði. Hlutverk brúarteyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í brúarteymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Í byrjun var verklag Brúarinnar innleitt í sjö leikskóla og þrjú grunnskóla. Haustið 2019 bættust við fjórir leikskólar og tveir grunnskólar. Skólaárið 2020-2021 voru allir leik- og grunnskólar orðnir þátttakendur í þróun verklagsins. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytta nálgun í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Viðhorfskönnun var gerð í mars 2019 á meðal starfsfólks brúarteyma þeirra leik- og grunnskóla sem voru í Brúnni og meðal foreldra þeirra barna sem höfðu fengið þjónustu í gegnum brúarteymi. Niðurstöður sýndu að starfsfólk var almennt ánægt með skýrt verklag Brúarinnar og taldi að markviss samvinna og þjónusta frá fjölskyldu- og barnamálasviði og mennta- og lýðheilsusviði væri að nýtast vel fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á auknum stuðningi að halda. Þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni töldu stuðninginn sem þeir fengu í gegnum brúarteymin gagnast fjölskyldunni vel.

Til þess að óska eftir þjónustu brúarteymis er foreldrum bent á að hafa samband við umsjónarkennara eða skólustjórnendur í leik- eða grunnskóla barnsins.